



Knattspyrnudeild FH
Jón Rúnar Halldórsson, formaður

Reykjavík, 22. júlí 2009.

Efni: FH-Keflavík í Pepsi-deild karla 18. júlí 2009.

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 21. júlí var fjallað um framkvæmd ofangreinds leik en samkvæmt skýrslu dómara og eftirlitsmanns var henni verulega ábótavant. Í skýrslunum kemur meðal annars fram að starfsmönnum leiksins og leikmönnum gestaliðs var ítrekað ógnað með dónalegum hrópum og köllum. Dónaskapurinn gekk svo langt að aðstoðardómara leiksins var ítrekað hótað á mjög grófan hátt af áhorfendum sem sátu við hliðina á innganginum þar sem lið og dómarar ganga til og frá leikvelli. Fram kemur í skýrslunum að ekki var sjáanlegt að starfsmenn félagsins hafi gripið til einhverra aðgerða til að stöðva þessa hegðun.

Knattspyrnudeild FH ber ábyrgð á því að öryggi starfsmanna leiksins sé tryggt, en í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir:

18.3. Félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal tryggja fyllsta öryggi leikmanna og dómara leiksins.

Nefndin lítur þetta mál alvarlegum augum og beinir nefndin þeim tilmælum til Knattspyrnudeildar FH að deildin taki málið föstum tókum og að félagið leiti allra leiða til að koma í veg fyrir að atburðir sem þessir endurtaki sig.

Aga-og úrskurðarnefnd minnir að lokum á eftirfarandi ákvæði í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál:

13.9.4. Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vífaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 50.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Klara Bjartmarz.